

## Pórður Vilberg Guðmundsson

---

**From:** Íbúasamtök Stöðvarfjarðar <ibuasamtok755@gmail.com>  
**Sent:** miðvikudagur, 25. október 2023 17:13  
**To:** fjardabyggd@fjardabyggd.is  
**Subject:** Berist til Bæjarráðs/bæjarstjórnar

Komiði Sæl.

Við í Íbúasamtökum Stöðvarfjarðar viljum hvetja sveitastjórn eindregið til þess að endurskoða hugmyndir sínar varðandi sölu á tjaldsvæði Stöðvarfjarðar.

Staðan á tjaldsvæðinu hér er skelfileg og hefur verið það lengi. Plássið er ekkert og mikil drulla og for á svæðinu eins og það er í dag. Þetta mál hefur verið mikið til umræðu í síðastliðin 6-8 ár og aldrei komið nein lausn þrátt fyrir kvartanir frá bæjarbúum og loforðum frá bæjarfulltrúum.

Við höfum rætt það margoft að við viljum að lóðin fyrir tjaldsvæðið verði stækkuð og Réttarholt 3 verði tekið undir tjaldsvæði ásamt núverandi stæðið. Því stæðið í dag er hreinlega alltof lítið.

Íbúar við Réttarholt 1 hafa talað fyrir því að lóðin fyrir utan þau verði tekinn undir tjaldsvæðið ásamt mörgum öðrum.

Þessar hugmyndir er margbúið að ræða bæði við fyrrverandi og núverandi bæjarfulltrúa ásamt því að þetta var rætt við fyrrverandi og núverandi embættismenn. Þannig fólk þarf ekki að láta eins og það sé að heyra þetta í fyrsta skipti.

Eins og tjaldsvæðið er í dag er nánast ómögulegt að reka þar tjaldsvæði.

Þess vegna viljum við hvetja ykkur til að hlusta á vilja íbúa og stækka svæðið áður en það fer í sölu til þess að þarna verði lífvænlegur rekstur til framtíðar.

Kveðja  
Stjórn Íbúasamtaka Stöðvarfjarðar